

REGLUGERÐ

um (4.) breytingu á reglugerð nr. 630/2007 um ólífrænan áburð.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í XIV. kafla II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2010 frá 1. maí 2010 öðlast eftirfarandi EB-gerð gildi hér á landi:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) 1107/2008 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 um áburð í því skyni að laga I. og IV. viðauka við hana að tækni-framförum.

2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1107/2008 er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar vegna áburðar-eftilrits sé framfylgt í samræmi við 3. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 7. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 8. september 2010.

Jón Bjarnason.

Baldur P. Erlingsson.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1107/2008**

frá 7. nóvember 2008

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 um áburð í því skyni að laga I. og IV. viðauka við hana að tækniframförum

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 frá 13. október 2003 um áburð⁽¹⁾, einkum 1. og 3. mgr. 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 2003/2003 er kveðið á um að heimilt sé að gefa áburði, sem tilheyrir tegund áburðar sem skráð er í I. viðauka við þá reglugerð og uppfyllir skilyrði sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð, heitið „EB-áburður“.

2) Bæði ammóníumsúlfat og kalsíumnítrat (kalksaltpétur) eru skráðar áburðartegundir í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003. Þó er ekki heimilt að merkja samsetningar þessara tveggja áburðartegunda sem „EB-áburður“. Þar eð samsetningar ammóníumsúlfats og kalsíumnítrats (kalksaltpéturs) hafa verið notaðar með góðum árangri í tveimur aðildarríkjum skal viðurkenna slíkar samsetningar sem „EB-áburður“ svo að hægt sé að gera þær aðgengilegri fyrir bændur í öllu Bandalaginu.

3) Margar þær áburðartegundir, sem innihalda aðalnæringarefni auk köfnunarefnis og taldar eru upp í I. viðauka, losa gjarnan köfnunarefni sitt of snemma til að það gagnist nytjaplöntum að fullu, sem getur leitt af sér að umframmagnnið af köfnunarefni skaði umhverfið.

4) Að því er varðar tvær tegundir EB-áburðar sem skráðar eru í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 gæti viðbót dísýanóðfamiðs, eins þeirra efna sem kallast nitrúnarlátar, komið í veg fyrir slík skaðleg áhrif á umhverfið. Aðrar tegundir EB-áburðar kunna að innihalda köfnunarefni í öðru formi sem nitrúnarlátar hafa ekki áhrif á. Þegar um þessar tilteknu tegundir er að ræða kunna úreasalatar að skila viðunandi árangri.

5) Til að sem flestir geti notið góðs af umhverfis-ávinningnum sem fylgir nitrúnar- eða úreasalötum skal heimila notkun nitrúnar- eða úreasalata fyrir flestar tegundir köfnunarefnisáburðar, auk þess sem heimila skal fleiri tegundir af lötum.

6) Því ber að bæta skrá yfir leyfða nitrúnar- og úreasalata við I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003.

7) Í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 eru nákvæmar lýsingar á þeim greiningaraðferðum sem skal nota til að mæla næringarefnainnihald EB-áburðar. Nauðsynlegt er að aðlaga þessar lýsingar, að svo miklu leyti sem þær varða joðstyrk, þannig að rétt gildi fáist í greiningunum.

8) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 2003/2003 til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 2003/2003.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Sjónartíðindum Evrópusambandsins*.

⁽¹⁾ Sjítíð. ESB L 304, 21.11.2003, bls. 1.

Nr. 721

8. september 2010

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 er breytt sem hér segir:

1) Í stað færslunnar fyrir áburðartegund 4, „ammóníumsúlfat“, í töflu A.1 komi eftirfarandi:

„4	Ammóníum-súlfat	Vara sem framleidd er á efnafræðilegan hátt og inniheldur ammóníumsúlfat sem undirstöðuefni, ef til vill með allt að 15% kalsíumnítrati (kalksaltþétri).	19,7% N Köfnunarefni, gefið upp sem heildarköfnunarefni. Hámarksinnihald nítratbundins köfnunarefnis 2,2% N ef kalsíumnítrati (kalksaltþétri) er bætt við.	Sé varan sett á markað sem samsetning ammóníumsúlfats og kalsíumnítrats (kalksaltþéturs) er skylt að tilgreina að hún samanstandi af „allt að 15% kalsíumnítrati (kalksaltþétri)“.	Ammoníakbundið köfnunarefni. Heildarinnihald köfnunarefnis ef kalsíumnítrati (kalksaltþétri) er bætt við“.
----	-----------------	--	--	--	---

2) Færslurnar í töflu A.1 fyrir áburðartegundir 16 og 17 og neðanmálgrein a) falli brott. Tegund 18 verður að tegund 16.

3) Eftirfarandi F-hluti bætist við:

„F.

Nítrunar- og úreasalatar

Heimilt er að bæta úreasa- og nítrunarlötum, sem tilgreindir eru í töflum F.1 og F.2 hér á eftir, við þær tegundir köfnunarefnisáburðar sem tilgreindar eru í liðum A.1, B.1, B.3, C.1 og C.2 í I. viðauka, með fyrirvara um eftirfarandi ákvæði:

- 1) að minnsta kosti 50% af heildarinnihaldi köfnunarefnis í áburðinum skulu samstanda af þeim formum köfnunarefnis sem tilgreind eru í 3. dálki,
- 2) þær teljast ekki til áburðartegundanna sem tilgreindar eru í 4. dálki.

Bæta skal orðunum „inniheldur nítrunarlata ([tegundarheiti nítrunarlata])“ við tegundarheiti áburðar sem nítrunarlata úr töflu F.1 hefur verið bætt við.

Bæta skal orðunum „inniheldur úreasalata ([tegundarheiti úreasalata])“ við tegundarheiti áburðar sem úreasalata úr töflu F.2 hefur verið bætt við.

Aðili, sem annast setningu á markað, skal ábyrgjast að hverri pakkningu eða vörusendingu í lausu fylgi svo nákvæmar, tæknilegar upplýsingar sem frekast er unnt.

Þessar upplýsingar skulu einkum gera notendum kleift að ákvarða hve mikið og hvenær borið er á í mismunandi ræktun.

Heimilt er að bæta nýjum nítrunarlötum eða úreasalötum við töflur F.1 eða F.2 eftir því sem við á, að loknu mati á tækniskjölnum sem lögð eru fram í samræmi við viðmiðunarreglur sem til stendur að útfæra nánar fyrir þessi efnasambönd.

F.1. Nítrunarlata

Nr.	Tegundarheiti og samsetning nítrunarlatans	Lágmarks- og hámarksstærðir sem hundraðshluti miðað við massa af því heildarköfnunarefni sem er fyrir hendi í formi ammóníumköfnunarefnis og köfnunarefnis úr þvagefni.	EB-áburðartegundir sem óheimilt er að nota með latanum	Lýsing á nítrunarlötum sem má nota með samsettum efnum Upplýsingar um leyfilegt hlutfall
1	2	3	4	5
1	Dísýandiámið ELINCS-nr. 207-312-8	Lágmark 2,25 Hámark 4,5		

F.2. Úreasalatar

Nr.	Tegundarheiti og samsetning úreasalatans.	Lágmarks- og hámarksstærðir sem hundraðshluti miðað við massa af því heildarköfnunarefni sem er fyrir hendi í formi köfnunarefnis úr þvagefni	EB-áburðartegundir sem óheimilt er að nota með latanum	Lýsing á úreasalötum sem má nota með samsettum efnum Upplýsingar um leyfilegt hlutfall
1	2	3	4	5
1	N-(n-bútýl)þiófosfórtíamíð (NBPT) ELINCS-nr. 435-740-7	Lágmark 0,09 Hámark 0,20“		

II. VIÐAUKI

Ákvæðum B-liðar IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 er breytt sem hér segir:

- 1) eftirfarandi komi í stað annars, þriðja og fjórða undirliðar í athugasemdinni í lið 4.11. í aðferð 2.3.2:

„Títtrað er með 0,05 mól/l jodlausn (I_2) þar sem sterkjulausn er notuð sem litvísir.

1 ml af 0,05 mól/l jodlausn (I_2) samsvarar 0,01128 g af $SnCl_2 \cdot 2H_2O$.

A.m.k. 80% af heildartíni í lausn, sem er þannig tilreidd, skal vera í tvígildu formi. Nota þarf a.m.k. 35 ml af 0,05 mól/l jodlausn (I_2) við títrunina.“

- 2) eftirfarandi komi í stað annars, þriðja og fjórða undirliðar í athugasemdinni í lið 4.11. í aðferð 2.6.1:

„Títtrað er með 0,05 mól/l jodlausn (I_2) þar sem sterkjulausn er notuð sem litvísir.

1 ml af 0,05 mól/l jodlausn (I_2) samsvarar 0,01128 g af $SnCl_2 \cdot 2H_2O$.

A.m.k. 80% af heildartíni í lausn, sem er þannig tilreidd, skulu vera í tvígildu formi. Nota þarf a.m.k. 35 ml af 0,05 mól/l jodlausn (I_2) við títrunina.“

B-deild – Útgáfud.: 22. september 2010